

Samkomulag

um breytingu á kjarasamningi Símans og Rafiðnaðarsambands Íslands dags. 30. sept. 2015

1. gr.

Samkomulag þetta byggir á rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins dags. 27. október 2015 og kjarasamningi SA, ASÍ og aðildarsamtaka ASÍ frá 21. janúar 2016.

Á þeim grundvelli verða eftirfarandi breytingar á samningi aðila:

2. gr.

Í stað launahækkunar 1. maí 2016 kemur launahækkun þann 1. janúar 2016 sem nemur 6,2%. Hafi almennar hækkanir frá 2. maí 2015 til loka desember 2015 komið til framkvæmda gagnvart þorra starfsmanna er heimilt að draga þær frá hækkun 1. janúar sbr. bókun með kjarasamningi ASÍ og SA frá 21. janúar.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

Leiðréttir taxtar fylgja samkomulaginu í fylgiskjali.

3. gr.

Um iðgjöld til lífeyrissjóða fer samkvæmt samningi SA og ASÍ frá 21. janúar 2016.

Njóti starfsmaður hærra mótframlags í lífeyrissjóð verður ekki breyting á því en um ráðstöfun iðgjalds fer að öðru leyti skv. samningi SA og ASÍ.

Reykjavík, 17. mars 2016





F.h. RSÍ















F.h. Símans





Launatafla 2015-2018				
RSÍ sveinasamningur	2015	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
án sveinsprófs	262.455	278.728	291.270	300.008
3 ára fagnám	319.740	339.564	354.845	365.490
4 ára fagnám	329.786	350.233	365.993	376.973
5 ára sveinsbréf	355.222	377.246	394.222	406.048
10 ára sveinsbréf	371.010	394.013	411.744	424.096

Elmest

Ragna Margrjet Nordal

Bjarni Þór

Sigrundur Þórunn

Steinbjörn

Þórunn Þórunn

Eyjólfur Ólafur

Ólafur Þ. Sverrisson